

Minnisblað

Starfshópur í verkefninu „Sveitarfélagið Suðurland“, sem fjallaði um málefni tengd umhverfis- og skipulagsmálum, var skipaður 13 fulltrúum. Þar af voru skipulags- og byggingarfulltrúar fjögurra þeirra fimm sveitarfélaga sem koma að verkefninu. Í verklýsingu hópsins kemur eftirfarandi fram:

Gildandi aðalskipulög sveitarfélaganna verða rýnd og metið hvaða áhrif sameining sveitarfélaganna hefði á þróun í skipulagsmálum. Samgöngumál, svo sem samgöngu-áætlun, almenningssamgöngur og umferðaröryggismál verða kortlögð. Framtíðarsýn í samgöngu-, umhverfis og skipulagsmálum er mikilvægur þáttur í sameiningarferlinu.

Starfshópurinn hittist á fimm fundum. Vinnu hópsins lauk með gerð minnisblaðs sem hér liggur fyrir.

- Anton Kári Halldórsson, oddviti/Formaður skipulagsnefndar Rangárþing eystra
- Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþing ytra
- Bjarki Oddsson, formaður umferðar- og samgöngunefndar Rangárþing eystra
- Ólafur Júlíusson, byggingarfulltrúi Skaftárhreppur
- George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshreppur
- Drífa Bjarnadóttir, formaður Skipulagsnefndar Mýrdalshreppur
- Engilbert Olgeirsson, formaður samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárþing ytra
- Guðmundur Gíslason, hreppsnefndarmaður Ásahreppur
- Jón Hrafn Karlsson, formaður Skipulagsnefndar Skaftárhreppur
- Nanna Jónsdóttir, varamaður í hreppsnefnd Ásahreppur
- Jóna Björk Jónsdóttir, varamaður í hreppsnefnd/varaþjóðgarðsvörður Skaftárhreppur
- Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþing eystra
- Æsa Guðrúnardóttir, formaður umhverfisnefndar/sveitarstjórn Mýrdalshreppur

Skipulags- og byggingarmál


Gildistími aðalskipulags sveitarfélaganna, ráðgjafar og fjölda/umfangs deiliskipulaga sem eru í vinnslu eða hafa tekið gildi síðan í byrjun árs 2019:

- **Ásahreppur 2010-2022.** Vinna er hafin við heildarendurskoðun og er Verkfræðistofna EFLA aðalráðgjafi. Gerðar hafa verið 4 breytingar á gildandi ask. **Eru einhverjar í ferli?** Frá byrjun árs 2019 hafa 12 deiliskipulög tekið gildi eða gerð á þeim breytingar. Útgefin byggingarleyfi, tilkynningarskyldar, graftrarleyfi, árið 2019 eru 16. Ekki eru til tölur fyrir árið 2020. Ásahreppur er aðili að UTU, umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Samtals eru 6 sveitarfélög sem standa saman að UTU. Starfsmannafjöldi UTU er 10 manns með starfsstöð að Laugarvatni.
- **Mýrdalshreppur 2012-2028.** Vinna er hafin við heildarendurskoðun og er Landmótun aðalráðgjafi. Frá gildistöku núverandi ask hafa verið gerðar 7 staðfestar breytingar og eru aðrar 7 í vinnslu. Frá byrjun árs 2019 hafa 3 dsk eða breytingar á dsk verið staðfest og 11 eru í ferli. Útgefin byggingarleyfi, tilkynningarskyldar, graftrarleyfi, frá ársbyrjun 2019 eru 42. Framkvæmdaleyfi eru 5. Einn starfsmaður.
- **Rangárþing eystra 2012-2024.** Vinna er hafin við heildarendurskoðun og er Verkfræðistofnan EFLA aðalráðgjafi. Gerðar hafa verið 13 staðfestar breytingar á gildandi ask og 2 eru í vinnslu. Frá byrjun árs 2019 hafa 35 dsk tekið gildi eða gerð á þeim breytingar. 14 dsk eru í ferli. Útgefin

byggingarleyfi, tilkynningarskyldar, graftrarleyfi, frá ársbyrjun 2019 eru 78. Framkvæmdaleyfi eru 11. 2 starfsmenn og 0,5 ritari.

- **Rangárþing ytra 2016-2028.** Var samþykkt haust 2018, aðalráðgjafi Verkfræðistofna EFLA. Gerðar hafa verið 3 staðfestar breytingar á gildandi ask. **Eru einhverjar í ferli?** Frá gildistöku ask hafa 25 dsk tekið gildi og 28 eru enn í ferli. Útgefin byggingarleyfi, tilkynningarskyldar, graftrarleyfi, frá ársbyrjun 2019 eru 113. Framkvæmdaleyfi eru 9. 2 starfsmenn auk ritara (ritari samnýttur með skrifstofu Ry).
- **Skaftárhreppur 2010-2022.** Vinna er hafin við heildarendurskoðun og er Landmotun aðalráðgjafi. Gerðar hafa verið 6 staðfestar breytingar á gildandi ask. 2 ask breytingar í ferli. Frá byrjun árs 2019 hafa 4 dsk eða breytingar á dsk tekið gildi og 4 dsk eru í ferli. Útgefin byggingarleyfi, tilkynningarskyldar, graftrarleyfi, frá ársbyrjun 2019 eru 34. Framkvæmdaleyfi eru 2. Einn starfsmaður.

Sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna eru miklir. Landfræðilega er mikið um víðerni og náttúru. Eru að fást við sömu hluti í skipulagsmálum (landbúnað, hálendi, ferðaþjónusta). Þurfum að hafa varan á gagnvart afskiptasemi ríkisvaldsins í skipulagsmálum (þjóðgarður o.s.frv). Vinna er hafin við gerð svæðisskipulags suðurhálendis (Árnessýsla, Rangárvallasýsla, V-Skaftafellssýsla). Rammaskipulag hálendis (ofan Mýrdalsjökuls) sem unnið var fyrir Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur er innlegg í þá vinnu.



Mynd 1: Fjöldi samþykkrta deiliskipulaga (einnig dsk í vinnslu) og útgefina byggingaleyfa-, tilkynningaskyldra frkv. og frkv. leyfa frá byrjun árs 2019 (bygginga- og frkv. leyfi í Ásahreppi eingöngu fyrir árið 2019).

Samgöngumál

Áherslu þarf að leggja á aðgerðir á þjóðvegi 1 mtt umferðaröryggis. Eitthvað af verkefnum er komið á samgönguáætlun eins og tvöföldun brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi og færsla hringvegarins mtt ganga í gegnum Reynisfjall. Einnig eru önnur verkefni sem mikilvægt er að fái framgöngu, eins og td. hringtorg við þéttbýlin á Hvolsvelli og Hellu, aðreinar að áfangastöðum, aðkoma að nýrri íbúabyggð við Kirkjubæjarklaustur, breikkun akreina á Hringvegi ca frá Markarfljót og austur er gríðarmikið öryggisatriði. Mikilvægi flugvalla á svæðinu hefur komið í ljós, mtt. sjúkraflegs. Ekki er til malbikaður flugvöllur á 300 km. löngum kafla frá Bakkaflugvelli og að Höfn í Hornafirði. Huga þarf að viðhaldi varnargarða mtt samgöngumannvirkja.

Klæðing og heflun á tengivegum og heimreiðum er ábótavant. Huga þarf að formi á snjómokstri (helmingaskiptum). Lítið hefur verið um verklegar framkvæmdir á svæðinu af hálfu ríkisvaldsins. Er ekki í samhengi við aukna umferð á svæðinu. Almenningsamgöngur eru ekki góðar. Tíðni ferða er lítil og verð pr. aðgöngumiða er hátt.

Umhverfismál

Umhverfisnefndir eru starfandi í öllum sveitarfélögum en eru ekki nógu virkar. Skipulagsnefndir hafa að einhverju leyti tekið yfir hlutverki umhverfisnefnda. Vantar umhverfisstefnur fyrir sveitarfélögin (er til fyrir Skarftárhrepp). Gæti verið sameiginleg umhverfis- og skipulagsnefnd í sameinuðu sveitarfélagi.

Samningar eru um tæmingu á rotþróum í dreifbýli í Ásahreppi, Rangárþingi ytra og eystra. Í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi sjá eigendur rotþróa um tæmingu. Í þéttbýlunum í Vík og Kirkjubæjarklaustri er fráveita (skólþ) leitt í rotþrær. Verið er að leggja drög að gerð hreinsivirkja á báðum stöðum.

Sorp er flokkað í fjóra flokka í öllum sveitarfélögum (pappi, plast, lífrænt, almennt). Allmennt sorp og grófur úrgangur frá Mýrdalshreppi er urðað á Skógasandi (Hula). Almennt sorp og grófur úrgangur frá Skaftárhreppi er urðað á Stjórnarsandi. Skaftárhreppur sér um að hirða rúlluplast, bagga það og keyra í Hveragerði til endurvinnslu. Mjög dýrt er að keyra sorp til endurvinnslu eða urðunar. Æskilegast væri að brenna óflokkað sorp til orkuvinnslu. Sorpstöð Rangárvallasýslu sér um sorphirðu í Ásahreppi, Rang eystra og ytra. Allan annan úrgang en heimilissorp (í umdæmi Sorpstöðvar Rangárv.s.) þarf að fara með á sorpstöðina á Strönd.

Samantekt, áskoranir og tækifæri

Skipulags- og byggingarmál

Starfshópurinn er sammála um að ef til sameiningar kemur þurfi að tryggja nægan starfsmannafjölda á sviði skipulags- og byggingarmála. Verkefni eru mörg og flókin auk þess sem að landfræðilega verður sameinað sveitarfélag það stærsta á landinu. Mikilvægt er að þjónustan verði fagleg og góð í stað þess að horfa eingöngu til hagræðingar. Meiri sérhæfing í starfsemi ætti að nást auk þess sem að staðsetning starfsmanna ætti ekki að vera vandamál. Þá er vafalítið hægt að ná fram hagræðingu í aðkeyptri þjónustu fyrir eitt embætti í staðin fyrir fimm. Vinna við gerð aðalskipulags fyrir sameinað sveitarfélag þarf fljótlega að fara af stað.

Samgöngumál

- **Snjómkstur:** Þjónustan þarf að vera í fyrirrúmi. Semja við heimamenn/bændur um snjómkstur í dreifbýli.
- **Flugvellir:** Enginn malbikaður flugvöllur frá Bakka í Landeyjum að Höfn í Hörnafirði. Flugvöllur er mikilvægt öryggisatriði mtt Náttúruvár og umferðaslysa. Leggja þarf áherslu á að hægt sé að nýta þá flugvelli sem til eru.
- **Varnargarðar:** Viðhald varnargarða er mikilvægt öryggisatriði mtt samgöngumannvirkja og til varnar þéttbýlinu í Vík.
- **Þjóðvegur 1:** Þarf að breikka Hringveginn á stærstum hluta í gegnum sveitarfélögin. Halda þarf á lofti þörf fyrir verklegar framkvæmdir á Hringveginum og tengivegum. eru í engu samhengi við aukna umferð.

Umhverfismál

- **Fráveitumál:** Hreinsivirki í stað rotþróa í þéttbýlunum Vík og Kirkjubæjarklaustur. Útboð á tæmingu rotþróa í dreifbýli í Mýrdalshr. og Skaftárh.

- **Sorpmál:** Mjög dýrt að keyra sorp til urðunar. Sorpbrennsla í staðin fyrir urðun. Grenndarstöðvar í þéttbýlunum.